



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Leiðbeinandi tilmæli

nr.7/2014

um innri endurskoðun váttryggingafélaga

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

8. janúar 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1 Skilgreiningar og markmið	4
2 Innri endurskoðunarstefna og erindisbréf	4
3 Óhæði og staða í skipuriti	5
4 Forstöðumaður og starfsmenn innri endurskoðunar.....	5
5 Heimildir innri endurskoðunar	6
6 Endurskoðunaráætlun og verkefni innri endurskoðunar	7
7 Skýrsla innri endurskoðunar, upplýsingagjöf og eftirfylgni	8
8 Samskipti innri endurskoðunar og ytri endurskoðanda	9
9 Samskipti innri endurskoðunar og endurskoðunarnefndar	9
10 Samskipti innri endurskoðunar og Fjármálaeftirlitsins	9

Inngangur

Fjármálaeftirlitið gefur hér með út leiðbeinandi tilmæli um innri endurskoðun hjá váttryggingafélögum.

Tilmælin eru byggð á ákvæðum undirbúningstilmæla EIOPA um stjórnkerfi (e. Guidelines on System of Governance),¹ en samkvæmt Solvency II tilskipuninni er innri endurskoðun ein af grunnstoðum stjórnkerfis váttryggingafélaga. Þá var við gerð tilmælanna höfð hliðsjón af alþjóðlegum stöðlum og siðareglum um innri endurskoðun sem alþjóðasamtök innri endurskoðenda (e. IIA, the Institute of Internal Auditors) hafa sett fram, viðmiðum ISACA,² ásamt öðrum viðeigandi alþjóðlegum viðmiðum.³ Framkvæmd innri endurskoðunar í samræmi við leiðbeinandi tilmæli þessi skal jafnframt fara eftir þeim alþjóðlegum stöðlum sem hér um ræðir.

Áðurnefnd tilmæli EIOPA eru meðal þeirra tilmæla sem sett voru í þeim tilgangi að virkja eftirlitsstjórnvöld og váttryggingafélög í undirbúningi Solvency II, svokölluð undirbúningstilmæli (e. preparatory guidelines). Markmið þessara tilmæla Fjármálaeftirlitsins er því fyrst og fremst að stuðla að viðeigandi undirbúningi váttryggingafélaga fyrir gildistöku Solvency II.

¹ Sjá einkum VII. kafla í undirbúningstilmælunum.

² The Information Systems Audit and Control Association

³ T.d. The internal audit function in Banks, útgefið af Basel-nefndinni í júlí 2012.

1 Skilgreiningar og markmið

1.1 Tilmæli þessi ná til innri endurskoðunar og sjálfstætt starfandi utanaðkomandi aðila sem sinna innri endurskoðun váttryggingafélaga.⁴

1.1.1 Kjósi váttryggingafélag að útvista innri endurskoðun fer um slíkt eftir ákvæðum leiðbeinandi tilmæla nr. 8/2014 um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum.

1.2 Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er ætlað að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttar og stuðlar þannig að því að fyrirtækið nái markmiðum sínum.

1.3 Innri endurskoðun er hluti af skipulagi fyrirtækis og þáttur í eftirlitskerfi þess.

2 Innri endurskoðunarstefna og erindisbréf

2.1 Stjórn viðkomandi váttryggingafélags ber ábyrgð á að fullnægjandi innri endurskoðun sé ávallt til staðar. Útvistun innri endurskoðunar leysir stjórn ekki undan ábyrgð skv. ákvæði þessu.

2.2 Stjórn skal samþykkja innri endurskoðunarstefnu sem tryggir stöðu og valdsvið innri endurskoðunar. Í innri endurskoðunarstefnu skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

2.2.1 Við hvaða aðstæður hægt er að óska eftir áliti eða aðstoð innri endurskoðanda eða fela honum önnur sérstök verkefni.

2.2.2 Innri reglur og verkferlar varðandi upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitsins eða annarra eftirlitsaðila.

2.2.3 Viðmið vegna reglulegrar tilfærslu verkefna milli starfsmanna endurskoðunardeildar þar sem það er viðeigandi.

2.2.4 Að hlutverk innri endurskoðunar sé skýrt afmarkað með erindisbréfi, sbr. gr. 2.6.

2.3 Sé félagið hluti af samstæðu skal innri endurskoðunarstefna ná til samstæðunnar í heild og fela í sér að tryggt sé að samræmdar kröfur séu gerðar til innri endurskoðunar innan samstæðunnar sem og þeirra endurskoðunaraðgerða sem framkvæmdar eru.

2.4 Innri endurskoðunarstefnu ætti að endurskoða reglulega og kynna fyrir öllum starfsmönnum félagsins.

2.5 Starfsemi innri endurskoðunar grundvallast á erindisbréfi frá stjórn félagsins þar sem staða og valdheimildir innri endurskoðunar eru skilgreindar. Þegar um er að ræða samstæðu, grundvallast starfsemi innri endurskoðunar félagsins á erindisbréfi móðurfélags samstæðunnar. Erindisbréfið er formlegt skjal sem skal endurskoðað reglulega.

⁴ Með hugtakinu innri endurskoðun er í tilmælum þessum jafnframt átt við sjálfstætt starfandi aðila sem sinnir innri endurskoðun fyrir váttryggingafélag á grundvelli útvistunarsamnings.

2.6 Í erindisbréfi skal m.a. fjallað um eftirfarandi atriði og heimildir:

- 2.6.1 Tilgang, valdsvið og ábyrgð innri endurskoðunar,
- 2.6.2 Heimildir innri endurskoðunar, sbr. 5. kafla tilmæla þessara,
- 2.6.3 Eðli þeirrar staðfestingarvinnu sem innri endurskoðun er ætlað að inna af hendi,
- 2.6.4 Eðli ráðgjafarþjónustu innri endurskoðanda,
- 2.6.5 Óhæði og hlutlægni innri endurskoðunar,
- 2.6.6 Stjórnskipulegt óhæði innri endurskoðunar,
- 2.6.7 Heimildir innri endurskoðunar til beinna samskipta við stjórn.

3 Óhæði og staða í skipuriti

- 3.1 Innri endurskoðun skal heyra beint undir stjórn félags í skipuriti til að tryggja stjórnskipulegt óhæði hennar.
- 3.2 Innri endurskoðun skal starfa óháð öðrum deildum í skipulagi félagsins og innri endurskoðendur skulu gæta hlutlægni í störfum sínum. Þó innri endurskoðun sé hluti af félaginu skal tryggt að starfsmenn hennar séu óháðir í reynd og starfi óháð þeim rekstareiningum sem þeir endurskoða.
- 3.3 Starfsmenn innri endurskoðunar ættu ekki að gegna öðrum störfum innan félagsins nema tryggt sé að þau störf skerði ekki óhæði þeirra.
- 3.4 Innri endurskoðun tekur ekki þátt í daglegum rekstri og ákvarðanatöku félagsins.
- 3.5 Innri endurskoðun getur verið ráðgefandi gagnvart stjórnendum í tengslum við mat á árangri og eflingu áhættustýringar, eftirlits og stjórnun. Sama á við um innri endurskoðun og nýjar aðferðir við innra eftirlit í starfseminni. Innri endurskoðun kemur hins vegar ekki að gerð innra eftirlitskerfis eða innleiðingu þess. Innri endurskoðun skal jafnframt forðast að taka á sig hvers konar stjórnunarlega ábyrgð á því að stýra áhættu.
- 3.6 Stjórn ber að tryggja að innri endurskoðun geti átt frumkvæði að athugunum í öllum deildum og/eða sviðum viðkomandi félags og geti gert stjórn og stjórnendum grein fyrir úttektum og niðurstöðum sínum beint og milliliðalaust.
- 3.7 Þá ber stjórn að tryggja að innri endurskoðun sé úthlutað nægjanlegu fjármagni til að sinna verkefnum sínum með fullnægjandi hætti.

4 Forstöðumaður og starfsmenn innri endurskoðunar

- 4.1 Stjórn eftirlitsskylds aðila ræður innri endurskoðanda.
- 4.2 Stjórn skal mæla fyrir um tilgang, valdsvið og ábyrgð innri endurskoðunar í erindisbréfi. Þar ætti jafnframt að gera grein fyrir stöðu deildarinnar í skipuriti, heimilda til óhefts aðgangs að gögnum, starfsfólki og annars sem máli skiptir við framkvæmd úttekta.

- 4.3 Ef innri endurskoðendur skortir þekkingu, þjálfun eða aðra hæfni sem þarf til að vinna verkefni að hluta eða öllu leyti skal forstöðumaður innri endurskoðunar hafna beiðni þar að lútandi eða að öðrum kosti afla fullnægjandi aðstoðar. Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að forstöðumaður innri endurskoðunar hafi lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búi yfir nægilegri reynslu til þess að geta sinnt starfi sínu. Þá telur Fjármálaeftirlitið mikilvægt að forstöðumaður innri endurskoðunar váttryggingafélags hafi viðeigandi fagvottun og réttindi, svo sem fagvottun í innri endurskoðun (e. Certified Internal Auditor).
- 4.4 Starfsmenn innri endurskoðunar skulu sameiginlega búa yfir nægjanlegri faglegri hæfni, þekkingu og reynslu til þess að takast á við verkefni deildarinnar. Starfsmenn skulu sækja endurmenntun og þjálfun til að viðhalda og tryggja þekkingu á nýjustu aðferðum í endurskoðun og váttryggingastarfsemi. Við mat á því hvaða þekkingu starfsmenn, sem veljast til starfa við innri endurskoðun þurfa að búa yfir, skal tekið mið af þeim markmiðum sem ætlað er að ná með innri endurskoðun.
- 4.5 Starfsmannafjöldi innri endurskoðunar skal endurspeglar stærð félagsins og starfsemi þess.
- 4.6 Fjármálaeftirlitið telur að forstöðumaður og starfsmenn innri endurskoðunar ættu ekki að vera hluthafar í viðkomandi félagi.
- 4.7 Forstöðumanni innri endurskoðunar verður ekki vikið úr starfi nema með samþykki stjórnar félagsins.
- 4.8 Láti forstöðumaður innri endurskoðunar af störfum, skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu það tafarlaust. Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir fundi með viðkomandi sé þess talin þörf.

5 Heimildir innri endurskoðunar

- 5.1 Stjórn skal sjá til þess að innri endurskoðun hafi eftirfarandi heimildir til að ná fram markmiðum sínum:
- 5.1.1 Ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfsemi viðkomandi félags svo sem eignum, starfsfólki, skýrslum, skrám og öðrum gögnum sem forstöðumaður innri endurskoðunar telur nauðsynleg til að ná fram markmiðum endurskoðunarinnar, þ.m.t. upplýsingum hjá stjórnendum og fundargerðum stjórnar og nefnda.
- 5.1.2 Óheftan og milliliðalaus aðgang að stjórn, formanni stjórnar og formanni endurskoðunarnefndar viðkomandi félags.
- 5.1.3 Heimild til að krefjast þess að allir starfsmenn og stjórnendur veiti þær upplýsingar og útskýringar, sem á þarf að halda, innan hæfilegs tíma.
- 5.1.4 Óheft og milliliðalaus samskipti við ytri endurskoðanda félagsins.
- 5.2 Stjórnendur ættu að veita innri endurskoðun án tafar upplýsingar um öll mikilvæg atriði varðandi öryggisbrest og/eða brot á ákvæðum laga og reglna.
- 5.3 Stjórnendur ættu jafnframt að tryggja að innri endurskoðun sé haldið upplýstri um þróun, nýjungar, vörur og breytingar í rekstri.

- 5.4 Allar starfseiningar og dótturfélög viðkomandi félags ættu að falla undir starfssvið innri endurskoðunar. Hið sama á við um útvistuð verkefni félagsins.

6 Endurskoðunaráætlun og verkefni innri endurskoðunar

- 6.1 Forstöðumaður innri endurskoðunar skal eigi sjaldnar en árlega leggja fyrir stjórn og/eða endurskoðunarnefnd endurskoðunaráætlun til samþykktar þar sem fram kemur hvernig innri endurskoðun mun leysa þau verkefni sem henni eru falin.
- 6.2 Samþykki stjórnar eða endurskoðunarnefndar á endurskoðunaráætlun felur í sér staðfestingu á að félagið muni tryggja innri endurskoðun nauðsynleg aðföng (e. resources), m.a. starfsfólk og fjármagn, til að fylgja endurskoðunaráætluninni eftir.
- 6.3 Endurskoðunaráætlun skal vera áhættumiðuð og raunhæf og innihalda a.m.k. tímasetningar, tíðni áætlaðra verkefna og áætlun um þjálfun starfsmanna.
- 6.4 Gera skal stjórn og endurskoðunarnefnd sérstaklega grein fyrir því ef samþykkt endurskoðunaráætlun hefur ekki staðist og ástæðum þess í árlegri skýrslu til stjórnar. Skýrslugjöfin ætti einnig að fjalla um verulegar áhættustöður, atriði er varða eftirlitsþætti og önnur atriði sem fjalla þarf um eða stjórnendur og stjórn hafa óskað eftir.
- 6.5 Þá skal innri endurskoðun sinna greiningu og mati á því hvort viðeigandi og skilvirkir eftirlitsferlar eða upplýsingakerfi séu til staðar. Niðurstaða innri endurskoðunar ætti að fela í sér greiningu sem sýnir styrkleika og veikleika í eftirlitsferlum og upplýsingakerfum félagsins.
- 6.6 Innri endurskoðun skal funda reglulega með stjórn, forstjóra og endurskoðunarnefnd í þeim tilgangi að halda framangreindum aðilum upplýstum um verkefni og niðurstöður innri endurskoðunar.
- 6.7 Fjármálaeftirlitið mælist til þess að innri endurskoðun framkvæmi reglulega kannanir á eftirfarandi þáttum að teknu tilliti til áhættumiðaðrar endurskoðunaráætlunar:
- 6.7.1 Hvort félagið hafi sett sér stefnu og markmið varðandi helstu áhættuþætti sem við eiga og hvernig þeirri stefnu og markmiðum er fylgt eftir.
- 6.7.2 Hvort fyrir liggi skýrar og greinargóðar skriflegar starfsreglur um verksvið, ábyrgð og heimildir einstakra starfsmanna og stjórnenda og hvort farið sé eftir þessum reglum.
- 6.7.3 Hvort eitthvað í skipulagi og starfsreglum félagsins hamli skilvirku innra eftirliti. Í því felst m.a. könnun á því hvort í starfsreglum séu gerðar kröfur um aðgreiningu starfa á milli þeirra starfsmanna sem meðhöndla fjármuni og þeirra sem starfa við bókhald. Einnig þeirra sem sjá um færslu bókhalds og þeirra sem bera ábyrgð á afstemmingu á sömu bókhaldsreikningum.
- 6.7.4 Hvort skipulag og virkni vöktunar stjórnenda sé fullnægjandi og hvort stjórnendur framfylgi góðum stjórnarháttum.

- 6.7.5 Hvort til staðar séu eftirlitsaðgerðir og starfsreglur vegna þeirrar áhættu sem skapast vegna smæðar félagsins og skorts á nægilegum aðskilnaði starfa.
 - 6.7.6 Hvernig staðið er að varðveislu og meðferð fjármuna félagsins, skráningu skuldbindinga og eftirliti með bókhaldi.
 - 6.7.7 Úrtakskönnun á framkvæmd fjárvörslusamninga, þ.e. að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarstefnu samninga og að eignir séu til staðar.
 - 6.7.8 Úrtakskönnun á áreiðanleika og gæðum þeirra skýrslna sem stjórnendur félagsins og opinber yfirvöld byggja á.
 - 6.7.9 Hvort tölvukerfi félagsins séu fullnægjandi, meðal annars með tilliti til notkunareftirlits og rekstraröryggis.
 - 6.7.10 Úttektir á ferlum félagsins við eigið áhættu- og gjaldpolsmat.
 - 6.7.11 Úrtakskannanir á einstökum viðskiptum og virkni innri eftirlitsferla.
 - 6.7.12 Úttektir á þeim kerfum sem komið hefur verið á til að tryggja fylgni við kröfur laga og reglugerða og innleiðingu starfsreglna og ferla.
 - 6.7.13 Úttektir á aðgerðum félagsins til að koma í veg fyrir peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. með úrtakskönnunum.
 - 6.7.14 Könnun á eftirfylgni vegna fyrri athugasemda innri endurskoðunar.
 - 6.7.15 Aðrar kannanir sem taldar eru nauðsynlegar til að ná fram markmiðum innri endurskoðunar.
- 6.8 Innri endurskoðun er ábyrg gagnvart stjórn félagsins fyrir að viðhalda virku gæðaeftirliti sem tekur til allra þátta starfsemi innri endurskoðunar. Innri endurskoðun ætti að upplýsa stjórn reglulega um gæðaeftirlit.
- 6.9 Mælst er til að innri endurskoðun framkvæmi úttekt á eftirfylgni stjórnenda vegna þeirra ábendinga sem gerðar hafa verið og leggi mat á hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar innan hæfislegs tíma. Gera skal stjórn og endurskoðunarnefnd grein fyrir niðurstöðum úttektarinnar.

7 Skýrsla innri endurskoðunar, upplýsingagjöf og eftirfylgni

- 7.1 Innri endurskoðun skal skjalfesta viðeigandi upplýsingar til stuðnings niðurstöðum og ályktunum úttekta sem dregnar skulu saman í skýrslu. Skýrslan skal afhent og kynnt stjórn og endurskoðunarnefnd þegar þurfa þykir en eigi sjaldnar en árlega. Umfjöllun um skýrsluna skal bókuð í fundargerð stjórnar.
- 7.2 Skýrslan skal m.a. innihalda upplýsingar um mögulega vankanta á skilvirkni eftirlitskerfisins ásamt afstöðu til þess hvort fyrirkomulag þess henti starfsumhverfi félagsins. Þá skal greina frá meiriháttar frávikum frá fylgni við stefnur félagsins, verkferla þess og aðra samþykktu aðferðafræði. Jafnframt skal í skýrslunni setja fram áhættumetnar athugasemdir við frávik ásamt afstöðu til þess hvernig fyrri tillögum til úrbóta hefur verið fylgt eftir, sbr. lið 7.4.

7.3 Stjórnendur ættu að tryggja að fjallað sé á fullnægjandi hátt um athugasemdir og ábendingar innri endurskoðunar sem settar eru fram í skýrslunni. Stjórnendur ættu því að samþykkja ferla til að tryggja að ráðleggingar innri endurskoðunar séu skoðaðar til fulls og gripið sé til ráðstafana til að innleiða þær tímanlega.

7.4 Forstöðumaður innri endurskoðunar skal reglulega framkvæma eftirfylgnimat til að kanna hvort ábendingum hans hafi verið fylgt og nauðsynlegar breytingar gerðar. Tíðni eftirfylgnimats ræðst af áhættum og álitaefnum er varða viðkomandi félag og koma fram í skýrslu innri endurskoðanda.

7.5 Innri endurskoðun skal reglulega gera stjórn og endurskoðunarnefnd grein fyrir starfsemi sinni. Þær athugasemdir, sem forstöðumaður innri endurskoðunar metur mikilvægar ætti að taka sérstaklega fyrir á stjórnarfundum og færa til bókar. Forstöðumaður ætti að hafa rétt til setu á stjórnarfundum þar sem athugasemdir hans eru á dagskrá.

8 Samskipti innri endurskoðunar og ytri endurskoðanda

8.1 Innri endurskoðun skal upplýsa ytri endurskoðanda um atriði sem skipt geta máli vegna áritunar hans. Því skal ytri endurskoðandi hafa aðgang að skýrslum innri endurskoðunar.

8.2 Innri endurskoðun ætti að taka sérstaklega til skoðunar athugasemdir sem fram koma í skýrslu ytri endurskoðanda og hafa eftirfylgni með útbótum.

8.3 Í þeim tilgangi að auka skilvirkni og forðast tvíverknað ætti forstöðumaður innri endurskoðunar að samhæfa störf sín við aðra innri og ytri aðila sem sinna staðfestingar- og ráðgjafarverkefnum. Samræming í endurskoðunaraðgerðum felur í sér reglubundna fundi til að ræða gagnkvæma hagsmuni og skiptast á skýrslum, erindisbréfum og öðrum viðeigandi gögnum ásamt upplýsingajöf.

9 Samskipti innri endurskoðunar og endurskoðunarnefndar

9.1 Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innri endurskoðunar, sbr. 2. tl. 108. gr. b. laga nr. 3/2006 um ársreikninga. Stjórn félags ber þó ávallt endanlega ábyrgð á fyrirkomulagi og virkni innri endurskoðunar.

9.2 Endurskoðunarnefnd skal hafa aðgang að skýrslum innri endurskoðunar. Forstöðumaður innri endurskoðunar skal upplýsa endurskoðunarnefnd um atriði sem skipt geta máli fyrir nefndina.

10 Samskipti innri endurskoðunar og Fjármálaeftirlitsins

10.1 Fjármálaeftirlitið getur kallað til funda með forstöðumanni innri endurskoðunar til að ræða áhættuþætti í starfsemi viðkomandi félags og viðbrögð við þeim.

10.2 Fjármálaeftirlitið getur jafnframt farið fram á reglulega fundi með innri endurskoðendum í þeim tilgangi að ræða stefnumótun og önnur atriði sem aðilar telja skipta máli.

- 10.3 Fjármálaeftirlitinu skal tilkynnt um það þegar forstöðumaður innri endurskoðunar lætur af störfum sem slíkur. Sama á við þegar breyting verður á útvistun innri endurskoðunar. Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun um hvort kallað verið til fundar með viðkomandi í kjölfarið.
- 10.4 Innri endurskoðun skal eigi sjaldnar en árlega gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir niðurstöðum kannana sinna. Upplýsa ber um allar athugasemdir sem innri endurskoðun metur mikilvægar, hvort þær hafi verið færðar til bókar á stjórnarfundum og skýrslur innri endurskoðunar.
- 10.5 Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að byggja á vinnu innri endurskoðunar við mat á áhættuþáttum í starfsemi félagsins.

Fjármálaeftirlitinu, 8. desember 2014

Jón Þór Sturluson

Rúnar Guðmundsson